

Sérsviðnar greiðsluleiðir

Síðast uppfært 25/06/2026 3:30 pm BST


Sérsviðnar greiðsluleiðir veita þér meiri sveigjanleika í sölukerfinu en með þeim geturðu stofnað þína eigin greiðslumáta.

Hvar stilli ég greiðslumáta?

1. Þú byrjar á því að fara í **valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu.
2. Skrollar neðst niður og smellir á **stillingar**.
3. Ferð undir **sala** og smellir á **greiðsluleiðir**.

Bæta við greiðslumáta

1. Smellir á **ný greiðsluleið**.
2. Setur titil á greiðslumátann.
3. Velur tegund greiðslumáta sem ákvarðar táknið sem birtist hjá greiðslumátanum í sölukerfinu.
4. Staðfesta




i Ef þú vilt taka út eða breyta greiðslumáta geturðu smellt á viðkomandi greiðslumáta og tekið hakið af **sýna í sölukerfinu** eða breytt titlinum.

Raða greiðslumáta

Þú getur raðað greiðsluleiðunum þínum til að stuðla að betri upplifun við afgreiðslu. Röðin sem þú velur er sú röð sem greiðsluleiðirnar birtast í, í sölukerfinu.

Til þess að breyta röðinni á greiðslumátunum heldur þú inni þremur strikunum á hverjum greiðslumáta fyrir sig og færir til röðina.



Dæmi um notkun

Rannveig – nýr greiðslumáti fyrir ákveðna greiðsluleið

Rannveig rekur hundasnyrtistofu og býður viðskiptavinum sínum að greiða með **Síminn Pay Léttkaup**. Í stað þess að nota almennan greiðslumáta í sölukerfinu stofnaði hún nýjan, sérsniðinn greiðslumáta sem er eingöngu ætlaður fyrir Síminn Pay Léttkaup. Þannig fær hún betri yfirsýn yfir reksturinn, greiðsluleiðir og tekjur.

Jóhann – fjarlæging greiðslumáta til að einfalda ferla+

Jóhann rekur sálfræðistofu og vill ekki bjóða upp á greiðslu með millifærslu. Hann fjarlægði því greiðslumátann *millifærsla* úr sölukerfinu. Með því tryggir hann að starfsfólk taki einungis við þeim greiðsluleiðum sem stofan býður upp á.

Eins og alltaf, ekki hika við að heyra í okkur ef þú ert með einhverjar spurningar, hugmyndir eða vangaveltur? Þú getur sent okkur skilaboð í spjallbúbluna eða á netfangið hq@noona.is.
